

Jón Árnason, sextugur 5. júní 1935.

Það, sem vakti mesta undrun mína fyrstu dagana, er ég var við nám í prentsmiðjunni Gutenberg, var ekki að sjá marga menn starfandi að vinnu, sem var ólík öllu því, er ég hafði áður tekið mér fyrir hendur um æfina eða haft kynni af, ekki það að læra að þekkja, hvaða stafur var í hverri hólfi í leturkassanum, ekki það að verða að lesa það, sem búið var að setja, þannig, að stafirnir sneru öfugir við mér; ekki kurteisi verkstjórans sem var ólík öllu, sem ég þekkti um yfirmenn, ekkert af þessu og ýmislegt fleira, er var alveg nýtt í lífi minu, vakti sérstaklega undrun mína. Það, sem kom mér einkennilegast fyrir sjónir, var einn af setjurunum, Jón Árnason.

Nú var þetta ekki vegna þess, að maðurinn væri mér ókunnugur og ég hefði aldrei séð hann áður. Öðru nær. Hann er mjög skyldur mér og ég fæddist og ólst upp svo nálægt honum, að eitt hús var á milli okkar. Þar að auk hafði ég kynnt honum nokkuð í félagslífi, starfi hans í templarareglunni. Á báðum þessum stöðum, á heimilinu og í félagslífinu, var framkoma hans, að mér fannst, með allt öðrum hætti en í prentsmiðjunni, og átti ég þó eftir að kynna margbreytni persónuleika hans og hæfileika miklu betur.

Hér, í setningarsalnum, var Jón iðandi af fjöri og gázkafullur. Hló oft og mikinn, þegar vel lá á honum, ræddi í ákafa um það, sem bar á góma og var slundum óvæginn í deilum og orðhvass og skemmtilegur og fyndinn og sagði margt í tvíræðum setningum, svo að gaman varð úr, af því líka, að samverkamennirnir sáu um að leggja sína merkingu í allt af þessu tæi.

Ég, sem hafði þekkt hann stilltan og þrúðan heima fyrir, heyrta talað um hann með virðingu sem lesinn og greindan mann, litið upp til hans vegna þess, hve góður og ræktarsamur hann var við móður sína, séð hann stjórna stúkufundum alvarlegan og virðulega, heyrta hann halda fyrirlestra og segja ferðasögur og skýra síði reglunnar snilldarlega. Ég var alveg hissa fyrstu dagana í prentsmiðjunni, ekki vegna þess, að mér þætti framkoma hans óviðeigandi eða hún kæmi illa heim við álit mitt á honum, heldur olli það mér undrunar, að hann skyldi líka geta verið svona, og dáðist þá að manningum og hef gert það síðan, þó að fyrir ýmislegt annað væri en ég nú hef lýst.

Annað var það, sem líka vakti fljótt athygli mína í sambandi við þennan setjara. Þegar ég vildi fá að vita eitthvað, sem sá, er ég beindi orðum minum að, þóttist ekki geta leyst úr, var venjuiega viðkvæðið: „Spurðu Jón Árnason að því“. Þetta fannst mér þá þegar og æ síðan lýsa því, hvert álit samverkamennirnir höfðu á þekkingu hans og greind. Og sannast að segja held ég, að maður hafi sjaldan farið án úrlausnar frá Jóni.

Í sögu H. í P. (Hið íslenska Prentarafélag) verður Jón Árnason alltaf talinn einn af merkismönnum stéttarinnar, því að hann var meðal stofnenda félagsins. Prentnám byrjaði hann í ísafoldarprentsmiðju 9. okt. 1893, vann í Dagskrárprentsmiðju frá því um vorið 1897 til næsta hausts, fór þaðan í Félagsprentsmiðjuna. Til Noregs sigldi hann 1899 og dvaldi þar hátt á annað ár. Kom hann þá aftur heim og vann í Félagsprentsmiðjunni til ársloka 1904.

Jón er einn af stofnendum prentsmiðjunnar Gutenberg og hefir unnið þar síðan. Hann hefir gegnt ýmsum störfum fyrir H. í P. Var gjaldkeri þess árin 1902, 1903 og 1905, gjaldkeri sjúkrasamlagsins 1915 - 17.

Mikið starf hefir Jón Árnason unnið í þágu templarareglunnar. Hann sat lengi í framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar nr. 1, gegndi ábyrgðarmiklum störfum í framkvæmdanefnd stórstúkunnar, var lengi stórgæzlumaður unglingastarfs, stórritari og umboðsmaður háttemplars, og ritstjóri Templars var hann frá 1910 til 1922. Í öllunni þessum störfum sýndi

Jón, eins og annarsstaðar, dugnað og trúmennsku.

Hann hefir og á seinni árum starfað mikið í félagsskap guðspekinga og kynnt sér fræði þar að lútandi mjög vel, enda er guðspeki, talnaspeki, stjörnuspeki og tákfræði þau viðfangsefni, sem hann hefir miklar mætur á og gaman og fróðlegt er að heyra hann tala um þá hluti, logandi af áhuga og hraðmælskan. Um þessi efni mun hann hafa ritað talsvert á seinni árum, en fæst af því hefir komið fyrir sjónir nema fárra manna.

Formaður frímúrarastúku mun hann hafa verið, en um það starf veit ég ekkert að segja.

Ég hika ekki við að fullyrða, að Jón Arnason sé einn sérkennilegasti og menntaðasti og gáfaðasti prentari, sem ég hefi kynnt.

5. júní hélt starfsmannafélag Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg Jóni Árnasyni samsæti í Oddfellowhöllinni. Var þar fjörugt og skemmtilegt, margar ræður haldnar og mikið sungið, meðal annars tvö eftirfarandi kvæði til heiðursgestsins. Hið fyrra orti Ólafur B. Ólafsson, en síðara J. H. G.

Eftir samsætið gengu menn í fylkingu heim til heiðursgestsins og kvöddu hann með húrrahrópi.

Jón H. Guðmundsson.

Kvæði eftir Ólafur B. Ólafsson.

Hér verður mikil kæti í kvöld,
þér kæru stéttarbræður:
Því syngja dátt mun sveinafjöld
og síðan flytja ræður.

Það hylla skal vorn heiðursgest,
vér höfum þessu sinni,
er hann með oss að sumbli sezt,
í sextíu ára minni.

Hann prentlistina vinnur við;
hans vilji er þjóð að fræða.
Hann þekkir einnig önnur svið,
er andans vizku gæða.

Þar getur fróðleiksfúsan mann,
er fræðist ýmsum meira.
Í afgangsstundum starfar hann
við stjörnuspeki og fleira.

Hann þekkir Marz og Venus vel,
og veit hvað tunglin þýða.
Hann sér, þá myrkt er sólarhvel,
hvað sumra muni bíða.

Og þó að drótt um fannafrón
af fjöri danzinn hylli,
í hendingskasti hoppar Jón
með hugann stjarna milli.

Jón Árnason! Það ósk vor er:
Þig ernan framtíð sýni,
og sextugum þér hnattaer
í heillaljóma skíni.

Prentlistargyðjan hefur hátt
til heiðurs þér sitt merki,
því hún er stolt að hafa átt
þann heimspeking að verk.

Kvæði eftir Jón H. Guðmundsson.

Sjáið mann á sjötugs aldri,
sóma vorrar greindu stéttar,
kunnugan flestum goðagaldri,
getvísan á stjarnspár réttar.

Sjáið hann að setja letur,
svarta fingur daga langa.
En á kvöldin alltaf getur
unnið stund til vizkufanga.

Engan veit ég okkar stéttar
æðri vísdóm betur kunna,
engan tungur læra léttar,
né leyndardómum meira unna.

Þó að aukist mæða og myrkur,
misjöfn reynist gleði lundar,
auðnist honum andans styrkur
alla leið til hinztu stundar!